




Balinn Stöðvarfirði
Gróf tillaga að skipulagi garðsins - Tillaga A

Hugmyndin er að skapa afþreyingar- og fjölskyldugarð á Balanum. Tillagan var unnin útfrá þeim hugmyndum sem fram hafa komið (Minnisblað frá Austurbrú dagsett 09.12.2022 og Minnisblað frá Fjarðabyggð dagsett 02.02.23). Þá var lagt upp með að skapa rými og skjól, ásamt því að vinna með það sem fyrir er á svæðinu. Hér er aðeins um grófa tillögu sem þarf að útfæra betur þegar að framkvæmdum kemur. Mikilvægt er að ákveða landmótun og hæðarsetningu á Balanum í heild sinni í upphafi. Einnig þarf að staðsetja göngustiga og dvalarsvæði nákvæmlega og hugsa fyrir öðrum mikilvægum þáttum s.s. aðkomu neyðarbíla og lýsingu. Eftir það er hægt að hanna einstaka hluta garðsins sér.

Dvalarsvæði: Gert er ráð fyrir tveimur dvalarsvæðum. Á dvalarsvæðunum er hægt að koma fyrir borðum og bekkjum. Einnig er hægt að koma fyrir öðrum búnaði s.s. útigrilli.

Minigolf: Tillagan gerir ráð fyrir að minigolfbrautir séu lagðar meðfram göngustíg.

Leiksvæði: Hugmyndin gerir ráð fyrir tveimur flötum fyrir leiksvæði, annars vegar fyrir yngri börn og hins vegar fyrir eldri börn. Þar væri hægt að koma fyrir leiktækjum sem hugsuð væri fyrir ákveðin aldursbil.

Matjurtagarður: Hægt væri að útbúa upp hækkuð beð eða hraukabeð fyrir matjurtaræktun. Umhverfis matjurtagarðinn væri hægt að koma fyrir berjarunnum.

Strandblakvöllur: Gert er ráð fyrir einum strandblakvelli, svæðið þyrfti að móta og drena.

Aðstöðuhús: Í húsinu væri hægt að geyma áhöld og búnað fyrir minigolfið og matjurtagarðinn.

Körfuboltavöllur: Tillagan gerir ráð fyrir litlum körfuboltavelli ca. 10x20 metrar að stærð. Umhverfis hann væri hægt að reisa grindverk.

Gróður: Gert hefur verið ráð fyrir gróðursvæðum til þess að skapa skjól fyrir norðan og suðvestan vindum, ásamt því að mynda rými í garðinum.

Stígar: Stígarnir innan garðsins gætu orðið spennandi fyrir yngri börn t.d. á hjólum

SKÝRINGAR

- Gróf tillaga að skipulagi
- Gróf tillaga af landmótun / stöllum
- Núverandi gróður
- Nýr gróður - Tillaga



Balinn Stöðvarfirði - Tillaga A

Verknr. 102405	Blaðastærð: A3	Mkv: 1:500
Teiknað: AKS	Dags 13.03.2023	Breytt:

SAMPYKKT: